

Mál nr. 257/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. júlí 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 19. ágúst 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. september 2025.

Málsatvik.

Hinn 27. nóvember 2023 varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt lýsingu í málskoti voru atvik þau að M var að aðstoða Y, stjórnanda skotbómulyftara, við að fjarlægja 200 lítra tunnu sem var á vörubretti úr sendibifreið sem M stjórnaði. Vegna vinds hafi M þurft að staðsetja sig aftarlega farþegamegin við bifreiðina og halda hurð hennar opinni meðan Y sá um að afferma bifreiðina. Þegar farmurinn var kominn út úr bifreiðinni hafi tunnan oltið á brettinu og fallið á M, sem varð fyrir meiðslum. Reki M tjónið til þess að Y hafi ekið skotbómulyftaranum óvarlega ofan í holu en jarðvegur á svæðinu hafi verið grýttur og holóttur.

Lögregla var kölluð á vettvang og er í skýrslu hennar, dags. 28. nóvember 2023, haft eftir M að brettið sem tunnan stóð á hafi brotnað þegar það var næstum komið út úr bifreiðinni. Sambærileg atvikalýsing er höfð eftir Y.

Í málskoti kemur fram að M telji X bera skaðabótaábyrgð á tjóni hans á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, en V hafi, með bréfi dags. 2. maí 2025, hafnað kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar væru uppfyllt. M er ósammála þeirri afstöðu og telur að Y hafi sýnt af sér saknæma og gáleysislega háttsemi við afferminguna og ekki hagað verkinu af þeirri aðgæslu og varúð sem vænta mætti miðað við aðstæður. Þá hafi aðstæður á slysstað verið hættulegar, jarðvegurinn grýttur og holóttur og mikill vindur. Ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar af hálfu vinnuveitanda en t.a.m. hefði verið auðvelt að binda tunnuna við brettið áður en afferming hófst. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim framangreindu til stuðnings. Kemur þá fram að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slys M fyrr en 8. desember 2023. Hafi tilkynning því ekki verið send til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, en með hliðsjón af óvinnufærni M strax í kjölfar slyssins hafi borið að senda slíka tilkynningu án tafar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að staðhæfingar M um gáleysislega háttsemi Y séu með öllu ósannaðar, og að atvikalýsing í málskoti sé í ósamræmi við það sem fram komi í lögregluskýrslu. Þá hafi innanhússrannsókn X leitt til þeirrar niðurstöðu að jarðvegur á slysstað hafi verið sléttur og jafn og ekki stórar holur eða teljandi ójöfnur og því ólíklegt að mikill veltingur hafi verið á lyftaranum. Sé með öllu ósannað að aðstæður hafi með einhverjum hætti verið ófullnægjandi og að það hafi leitt til slyss M. Er þá vísað til þess að sem bílstjóra hafi M sjálfum borið að tryggja farm fyrir affermingu hans, þ.e. að festa tunnuna við brettið. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hefði rannsókn þess, hefði hún yfirleitt farið fram en tilkynning sé engin trygging fyrir því, ekki bætt neinu við þá ítarlegu lögreglurannsókn sem fram fór á vettvangi. Hafi dráttur á tilkynningu því ekki leitt til þess að atvik geti með einhverjum hætti talist óupplýst.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi fest tunnuna er hann flutti hana á áfangastað en hann beri ekki ábyrgð á því að hún hafi ekki verið fest við brettið er Y affermdi bifreiðina. Þá beri ljósmyndir í lögregluskýrslu það með sér að jarðvegur á vettvangi hafi verið holóttur. Er þá sönnunargildi innanhússrannsóknar X dregið í efa enda hafi M t.a.m. ekki átt þess kost að koma á framfæri athugasemdum í tengslum við hana. Er þá áréttað að X hafi vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins.

Álit.

Fyrir liggur að M var óvinnufær allt frá slysdegi og bar því, samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hans án ástæðulausrar tafar. Sú tilkynning var hins vegar ekki send

fyrir en 8. ágúst 2023, eða ellefu dögum eftir slysið. Er því ljóst að vinnuveitandi M, X, stóð ekki rétt að slíkri tilkynningu.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum og aðstæðum ber að leggja til grundvallar.

Fyrir liggur að lögregla var kölluð á vettvang slyssins og liggur skýrsla hennar fyrir nefndinni. Er þar m.a. að finna frásögn M af atvikum en þar kemur fram að brettið hafi brotnað undan tunnunni. Er hvorki þar, né í öðrum frumgögnum málsins, s.s. læknisfræðilegum, því borið við að eitthvað hafi verið athugavert við aksturslag Y eða yfirborð vegarins. Bollaleggingar M þess efnis að Y hafi líklega ekið í holu virðast fyrst koma fram í tjónstilkynningu til V dags. 15. desember 2023. Af fyrirliggjandi ljósmyndum í lögregluskýrslu má ráða að vegurinn sem um ræðir sé grófur malarvegur en ekki verður ráðið af þeim að á vettvangi hafi verið holur eða aðrar ójöfnur sem geri það að verkum að vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar. Þrátt fyrir að vanræksla á tilkynningu vinnuveitanda til Vinnueftirlitsins geti haft áhrif á sönnunarreglur þegar kemur að atvikalýsingu verður ekki gengið svo langt að horft verði fram hjá skýrri atvikalýsingu í frumgögnum málsins.

Nefndin telur því nægilega sýnt fram á að tildrög slyssins hafi verið þau að vörubretti eða palletta sem umrædd tunna var á hafi brotnað við flutninginn. Virðist þar hafa verið um óhappatilviljun að ræða en hugsanlegt er að meðverkandi orsök þess að M fékk tunnuna á sig hafi verið sú að tunnan virðist ekki hafa verið fest við pallettuna. Verður þá að líta til þess að M, sem ökumaður sendibifreiðarinnar, bar sjálfur ábyrgð á því að farmur, þ.e. tunnan, væri rétt skorðuð.

Hefur M samkvæmt öllu framansögðu ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða